



Skuldabréfavisitölur GAM Management hf. - janúar 2011

GAMMA: GBI 201,349

GAMMAi 203,499

GAMMAxi 185,09

Gengi vísitalna síðasta viðskiptadag í desember (sett 100 1. jan 2005).


Vigtir skuldabréfa

| | GAMMA: GBI | | | GAMMAi: Verðtryggt | | | GAMMAxi: Óverðtryggt | | |
|-------------|------------|----------|----------|--------------------|----------|----------|----------------------|----------|----------|
| | 1.des.10 | 1.jan.11 | Breyting | 1.des.10 | 1.jan.11 | Breyting | 1.des.10 | 1.jan.11 | Breyting |
| HFF 24 | 15,40% | 15,44% | 0,04% | 22,31% | 22,45% | 0,14% | | | |
| HFF 34 | 18,55% | 18,52% | -0,03% | 26,87% | 26,92% | 0,04% | | | |
| HFF 44 | 30,85% | 30,61% | -0,24% | 44,68% | 44,49% | -0,19% | | | |
| RIKS21 0414 | 4,24% | 4,22% | -0,01% | 6,13% | 6,14% | 0,00% | | | |
| RB11 0722 | 4,36% | 4,34% | -0,02% | | | | 14,08% | 13,91% | -0,17% |
| RB12 0824 | 1,96% | 2,38% | 0,42% | | | | 6,33% | 7,62% | 1,29% |
| RB13 0517 | 5,93% | 5,97% | 0,04% | | | | 19,16% | 19,14% | -0,02% |
| RB16 1013 | 1,75% | 1,77% | 0,02% | | | | 5,65% | 5,67% | 0,01% |
| RB19 0226 | 8,59% | 8,53% | -0,07% | | | | 27,76% | 27,33% | -0,42% |
| RB25 0612 | 8,36% | 8,22% | -0,15% | | | | 27,01% | 26,34% | -0,68% |
| | 100,00% | 100,00% | | 100,00% | 100,00% | | 100,00% | 100,00% | |

Lítil útgáfa var í desember. Einungis voru gefnir út 5,2ma í RB12 og um 6,2ma í HFF bréfum. Á móti útgáfu í HFF var afborgun og vaxtagreiðsla af HFF44 þannig að vigtir breyttust óverulega.

Lækkaði hlutfall verðtryggðra bréfa um 0,25% í 68,8% og hefur aldrei verið lægra.

Markaðsverðmæti skuldabréfa í vísitölunni jókst um 18ma og er nú 1.313ma. Líftíminn vísitölunnar stóð í stað.





Ávöxtun vísitölunnar

Skuldabréfavisitala GAMMA, GAMMA: GBI, hækkaði um 1,05% í desember. Hækkaði GAMMAxi um 0,8% á móti 1,1% hækkun GAMMAi.

Skuldabréfavisitalan hækkaði um 14,16% á árinu 2010. Hækkuðu verðtryggð bréf um 12,3% skv. GAMMAi og óverðtryggð um 18,7% skv. GAMMAxi.

Meðaldagsvelta mánaðarins var um 11ma sem er jafnhá meðaldagsveltu ársins 2010.

| | GAMMA: GBI | GAMMAi | GAMMAxi |
|-----|------------|--------|---------|
| 1w | 0,82% | 0,89% | 0,66% |
| 1m | 1,05% | 1,15% | 0,83% |
| 3m | 2,96% | 2,71% | 3,52% |
| 6m | 4,37% | 4,14% | 4,77% |
| 1Y | 14,16% | 12,30% | 18,67% |
| ytd | 14,16% | 12,30% | 18,67% |



Um skuldabréfavisitölur GAMMA

Skuldabréfavisitölur GAMMA eru reiknaðar og birtar af GAM Management hf., óháðu og sérhæfðu ráðgjafar- og sjóðastýringarfyrtæki með starfsleyfi frá FME sem tekur til reksturs verðbréfasjóða og fjárfestingarráðgjafar. Vísitölurnar sýna heildarávöxtun útgefina íbúðabréfa, ríkisbréfa og spariskirteina, hlutfallsvigtað miðað við markaðsverðmæti hvers bréfs í hlutfalli af heildarmarkaðsverðmæti skuldabréfa í vísitölunni. Notast er við lokagengi skuldabréfa á hverjum viðskiptadegi eins og það er birt í NASDAQ OMX Nordic Exchange. Heildarávöxtun þýðir að vaxtagreiðslur og afborganir eru í raun endurfjárfestar aftur í vísitölunni. Sjá nánar í GAMMA: Government Bond Index – aðferðafræði.

Fyrirvari:

Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfum og verðbréfasjóðum og athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.